

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 75/2002

frá 25. júní 2002

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2001 frá 11. desember 2001 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber sex gerðir um heilbrigði dýra – viðskipti með lifandi dýr og markaðssetningu á þeim - inn í samninginn.
- 3) Flytja ber ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 97/315/EB ⁽²⁾, 97/262/EB ⁽³⁾, 97/263/EB ⁽⁴⁾ og 1999/465 ⁽⁵⁾, sem þegar eru hluti af samningnum, undir annan lið í I. kafla I. viðauka við samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi á hvorki við um Ísland né Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Texti ákvarðana 2001/24/EB ⁽⁶⁾, 2001/26/EB ⁽⁷⁾, 2001/28/EB ⁽⁸⁾, 2001/106/EB ⁽⁹⁾, 2001/292/EB ⁽¹⁰⁾ og 2001/296/EB ⁽¹¹⁾ á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 65, 7.3.2002, bls. 20 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 13, 7.3.2002, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 137, 28.5.1997, bls. 20.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 104, 22.4.1997, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 104, 22.4.1997, bls. 34.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 181, 16.7.1999, bls. 32.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 6, 11.1.2001, bls. 14.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 6, 11.1.2001, bls. 18.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 6, 11.1.2001, bls. 21.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 39, 9.2.2001, bls. 39.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 100, 11.4.2001, bls. 28.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 102, 12.4.2001, bls. 58.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

Hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er hér að neðan.

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE):
 - „- **397 D 0315:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/315/EB frá 30. apríl 1997 (Stjtið. EB L 137, 28.5.1997, bls. 20),
 - **32001 D 0292:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/292/EB frá 29. mars 2001 (Stjtið. EB L 100, 11.4.2001, bls. 28).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 45. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/467/EB):
 - „- **32001 D 0026:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/26/EB frá 27. desember 2000 (Stjtið. EB L 6, 11.1.2001, bls. 18).“
3. Texti 47. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/315/EB) falli brott.
4. Eftirfarandi bætist við í 56. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/504/EB):
 - „, eins og henni var breytt með:
 - **32001 D 0024:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/24/EB frá 27. desember 2000 (Stjtið. EB L 6, 11.1.2001, bls. 14).“
5. Eftirfarandi liðir komi aftan við 57. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/678/EB):
 - „58. **397 D 0262:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/262/EB frá 4. apríl 1997 um að fresta um tíma viðurkenningu Írlands vegna Newcastle-veiki (Stjtið. EB L 104, 22.4.1997, bls. 33).
 - 59. **397 D 0263:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/263/EB frá 4. apríl 1997 um að fresta um tíma viðurkenningu Breska konungsríkisins vegna Newcastle-veiki (Stjtið. EB L 104, 22.4.1997, bls. 34).
 - 60. **399 D 0465:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/465/EB frá 13. júlí 1999 um að staðfesta opinberlega að nautgripahjarðir í tilteknum aðildarríkjum eða tilteknum héruðum aðildarríkja séu lausar við smitandi hvítblæði í nautgripum (Stjtið. EB L 181, 16.7.1999, bls. 32), eins og henni var breytt með:

- **32001 D 0028:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/28/EB frá 27. desember 2000 (Stjtíð. EB L 6, 11.1.2001, bls. 21).
- 61. **32001 D 0106:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/106/EB frá 24. janúar 2001 um að setja fram fyrirmynd að skráum yfir einingar sem aðildarríkin viðurkenna vegna viðskipta innan bandalagsins með lifandi dýr, sæði og fósturvísa og reglur um sendingu þessara skráa til framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. EB L 39, 9.2.2001, bls. 39).
- 62. **32001 D 0296:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/296/EB frá 29. mars 2001 um að heimila rannsóknarstofum að kanna áhrif bólusetningar gegn hundaeði á tiltekin húsdýr sem eru kjötætur (Stjtíð. EB L 102, 12.4.2001, bls. 58).“
- 6. Undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ falli texti 43. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/262/EB), 44. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/263/EB) og 46. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 99/465/EB) brott.